

Innra mat Myndlistaskólans í Reykjavík

Fundir skólameistara með nemendahópum í nóvember 2024

Póstur var sendur nemendum í byrjun nóvember um fundina framundan. Það gerðist svo að skólanum var gert að loka húsinu og stóð sú lokun yfir í viku á meðan bráðabirgðadæla var sett upp við brunakerfið. Sérsmíðuð dæla er væntanleg en það mun taka margar vikur að fá hana í hús. Þessi staðreynd riðlaði fundaáætluninni nokkuð. Eftir að húsið opnaði á ný voru strangar hömlur settar á um fjölda á hverri hæð. Sú staða hafði mikil áhrif á samtölin. Einn fundurinn var haldinn í fundarsal BSRB þar sem skólanum hafði þá verið lokað tímabundið. Umræðan á þeim fundi snerist meira og minna um brunamál og byggingarframvæmdir og væntingar nemenda og vonbrigði í ljósi þeirra. Þeim fannst skorta á upplýsingar og vilja fá framkvæmdaáætlun í pósti.

Pósturinn til nemenda var svohljóðandi:

Kæru nemendur

Á næstu dögum mun ég heimsækja ykkur öll til að eiga við ykkur spjall um það sem ykkur liggur á hjarta. Þetta er liður í innra mati skólans og fer þannig fram að ég sest með hverjum hópi um sig og býð ykkur að ræða það sem þið viljið varðandi skólann og skólastarfið. Ég geri þetta á hverri haustönn, einmitt um þetta leyti þegar þið eruð ekki alveg nýbyrjuð í ykkar námi heldur hafið haft tíma til að átta ykkur á hvernig skólinn er og hvað ykkur finnst um hlutina. Ég mæti með blað og blýant og skrái hjá mér það sem fram kemur og svo reynum við að leysa úr hlutum eins og hægt er. Ég geri ráð fyrir allt að 40 mínútum með hverjum hópi en að sjálfsögðu getum við slitið fundi fyrr ef allt er útrætt.

Ég er að setja saman fundadagskrá í samráði við yfirkennara brautanna. Þau senda ykkur póst með tímasetningunni. Ég vona að þið hafið sem flest tæk á að koma á fundinn og hlakka til að hitta ykkur

Áslaug

7.11. kl. 12:10 Sjónlist 2 (stofa 403)

7.11. kl. 13:00 Keramik (heimastofa)

- 8.11. kl. 9:50 Myndlist (heimastofa)
- 11.11. kl. 13:00 Málralist (heimastofa)
- 12.11. kl. 14:00 Sjónlist 3 (fyrirlestrasalur)
- 13.11. kl. 14:20 Textíll (heimastofa)
- 14.11. kl. 14:00 Sjónlist 1 (stofa 404)
- 15.11. kl. 11:00 Teikning (heimastofa)

Helstu atriði sem nemendur vildu ræða var:

Stofumálin. Hvenær verður salurinn klár? Er ekkert tölvuver? Salurinn er ekki í mestum forgangi þar sem þar er ekki formleg kennsla. Hann er

Aðgengi að bókasafni. Safnið er enn í kössum. Skólinn hefur leitað til bókasafns LHÍ sem Betri aðgangur að hreinum moppum og tuskum og spurt hvað gera ætti við óhreinar tuskur.

Læstir skápar fyrir dót. Ætlunin er að setja raflæsingar á allar kennslustofur. Það verður því ekki þörf á læstum skápum.

Matsalur nemenda. Leitt að þurfa að segja þeim að jafnvel þótt hann verði fljótt klár mega eingöngu nemendur sem eiga heimastofu á 4. hæð nota hann. Það breytist ekki fyrr en eftir að öllum skilyrðum slökkviliðs hefur verið aflétt þar eð hann er uppi á 4. hæð. E.t.v. verður hægt að leyfa nemendum á 3. hæðinni að borða niðri á 2. hæð fljótlega.

Ýmis smærri atriði voru nefnd sem hægt var að færa fram í forgangsröðinni og laga strax, s.s. þakrenna sem lak, snagar sem vantaði í stofu og á salernum, dallur fyrir spilliefni sem þurfti að endurnýja, hillur, fatahengi og gardínur sem þurfti að setja upp og fleira í þeim dúr.

Vefstólar þurfa viðhald og garn og efni að verða ansi lélegt og lítið úrval. Góð áminning en þetta er eitt af því sem sífellt er unnið að.

Þótt athyglin væri mest á aðstöðu og framkvæmdir var líka rætt um námið. Kvartað var undan tilteknum áfanga með þeim orðum að nemandanum liði eins og hann væri í „venjulegum menntaskóla“. Einnig var rætt um einkunnagjöf og umsagnir en sumir nemendur vilja frekar frá umsagnir en einkunnir. Eins mættu einkunnir stundum skila sér fyrr. Rætt var um kennslumat og hvort það gæti komið oftar inn þegar margir kennarar koma að kennslu í áföngum sem ná yfir alla önnina. Fram kom að einhverjir kennarar væru ekki nægilega duglegir að svara tölvupósti. Öllum slíkum upplýsingum var komið áfram til

yfirkennara og í framhaldi var tekið á málum í samstarfi við skólameistara. Mörg ræddu um þrif og sorp en vegna framkvæmda eru þau mál erfiðari en allajafna.

Sumir nemendur í viðbótarnámi kunna því illa að vera undir mætingarskyldu.

Nemendur eru flestir ánægðir með Verkstæðisdaga. Einhverjir veltu fyrir sér af hverju ekki sé eining fyrir þá. Það hefur verið rætt og stendur til að breyta því þegar hægt verður að fara í endurbætur á brautarlýsingu.

Nemendur ræddu sömuleiðis um félagslíf innan skólans í ljósi strangra fjöldatakmarkana á hverri hæð. Þau sakna þess að hafa ekki aðstöðu til að hittast en eru samt mjög jákvæð og skilningsrík gagnvart skólayfirvöldum, trúa því að verið sé að gera allt til að hlutirnir gangi vel fyrir sig og að markmiðið sé að bæta aðstöðu nemenda.

Fram kom að nemendur vilja gjarnan hafa meira aðgengi að verkstæðum, ekki eingöngu þegar þau eru vinna á verkstæðum tengist áföngum. Við þessu er ekki hægt að verða á meðan framkvæmdir standa yfir en nógu flókið er að hafa aðstöðuna klára fyrir þá kennslu sem fram fer skv. stundaskrá. Það stendur þó til bóta þegar vinnan við húsnæðið klárast.

Eins vilja nemendur að opnunartími skólans verði lengdur. Það stendur líka til bóta þegar framkvæmdum lýkur og allavega ekki fyrr en höftum sem hvíla á starfseminni vegna brunavarna verður aflétt.

Niðurstaða

Mjög margt er auðvelt að laga og farið var strax í gegnum listann og verkefnum deilt út til þar til bærra aðila. Ítrekað var við yfirkennara að leggja kennslumatskannanir fyrir bæði fyrr og oftár. Stöðugt þarf að minna nemendur á að þau þurfa sjálf að leggja sitt af mörkum varðandi þrif og sorp, ganga frá verkefnum sínum svo hægt sé að þrifa og vera gætnari varðand það hverju þau fleygja og í hvaða tunnu.

Allt kapp er lagt á að klára framkvæmdirnar og flýta fyrir því að hlutirnir komist í lag. Á meðan rétta dælan er ekki komin við slökkvikverfið er óhjákvæmilegt að hlýða fyrirmælum slökkviliðs.